

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Bjarnadóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 31. mars 2017

UST201703-251/B.S.

10:05:08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Heilishæðarvirkjun - geymsla á efni. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Komið hefur í ljós að í útfellingum í dropasíum í Heilishæðarvirkjun sé uppsöfnun efnis með aukna náttúrulega geislun. Í sýni mældist geislun í Po-210 vera 59 Bq. Reglugerðarmörk GR miða við að geislun fari ekki yfir 1 Bq/gr. Helmingunartími Po-210 er 138 dagar og er því geymsla í 3 ár nægjanlegur tími til að geislun frá útfellingunum verði það lítil að farga megi útfellingunum með hefðbundnum hætti.


Útfellingar í dropasíum eru í föstu formi og myndast á afmörkuðu svæði í lokuðu kerfi við stöðvarhús Heilishæðarvirkjunar. Dropaskiljurnar eru skoðaðar á fjögurra ára fresti og ef útfellingar eru til staðar er síum skipt út. Áætlað er að magn útfellinga í einni dropasíu geti verið u/þ.b. 1,6 kg eða um 56 kg í einni dropaskilju.


ÖN hefur gert verkferil um meðhöndlun og geymslu dropasía þar sem starfsmönnum er tryggður viðeigandi búnaður og dropasíur geymdar í þar til gerðum stálkössum. Kössunum er komið fyrir í merktum og læstum gámi á lagersvæði virkjunarinnar þar sem þeir eru geymdir þar til óhætt þykir að farga útfellingunum, þ.e. þegar talið er geislun sé innan við 1 Bq/gr.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða geislun í litlu magni sem talið er að verði í litlum styrk að þremur árum liðnum. Geislavirkar útfellingar safnast upp í lokuðu kerfi Heilishæðarvirkjunar þaðan sem þær fara í stálkössum til geymslu. Lítil hættu er samkvæmt greinargerð á því að útfellingar berist út í umhverfið. Útfellingarnar eru geymdar í lokuðum gámi á virkjanasvæðinu þar til talið er óhætt að farga þeim.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri